

Betri hverfi – Íbúafundur með borgarstjóra

Fundur í Hagaskóla 17. janúar 2013 kl. 17:00

Fundarstjóri Hulda Steingrímsdóttir, Alta

Fundarpunkta ritaði Heiða Aðalsteinsdóttir, Alta

Fundarstjóri fór yfir markmið fundarins: Hann sagði að fundargestum byðist að spyrja borgarstjóra og starfsmenn Reykjavíkurborgar út úr og átt samtal við þá um það sem betur má fara í borginni. Síðan yrði hugmyndum safnað sem kosið verður um í rafrænum íbúakosningum dagana 14. – 19. mars.

Fundarstjóri fór yfir dagskrá og fyrirkomulag fundarins. Sviðsstjórar og borgarstjóri kynntu sig.

Fundarstjóri vakti athygli á vefnum þar sem tekið er við hugmyndum, auk þeirra hugmynda sem verða til á fundinum.

Jón Gnarr borgarstjóri:

Bauð íbúa velkomna. Áhersla á hverfakvóta, skipting fjár milli hverfa í kosningum. Reynt í fyrsta sinn í fyrra. Alls 300 milljónir til ráðstöfunar í fyrra og sama fjárhæð í ár. Hann fór síðan yfir helstu áherslur og þjónustu borgarinnar í Vesturbæ.

Vesturbær er gamalt hverfi með sterka ímynd og góða tengingu við miðborg. Þaðan eru góðar göngutengingar við önnur hverfi alla leið upp í Mosfellsbæ. Í Vesturbæ eru göngu- og hjólstígar alls 13 km. Þar eru 96 bekkir og 87 ruslastampar. Þar búa 16 þús íbúar. Hátt hlutfall ungs fólks 25-35 ára, fimmtungur allra íbúa en 16% í borginni allri. Þjónustumiðstöðin Vesturgarður er miðpunktur þjónustu. Starfsstöðvar eru Vesturreitur og Þorrasel. Áhersla er lögð á að auka virkni ungs fólks og að styðja börn sem eiga erfitt uppdráttar í skóla. Í Vesturbæ eru 10 leikskólar með 800 börnum. Grunnskólarnir hafa tekið þátt í þróunarverkefnum, t.a.m. Biophiliuverkefni Bjarkar Guðmundsdóttur. Frábær árangur hefur náðst í vinnu gegn einelti í grunnskólum borgarinnar. Barnafjölgun gerir húsnæðismál grunnskóla flókin en það hefur verið leyst með færanlegum kennslustofum. Hér er erfitt að komast að hjá dagforeldrum en ekki bið eftir leikskóla um þessar mundir. Umhverfisvitund er sífellt að aukast. Nú eru fjórar grenndarstöðvar og endurvinnslustöð Sorpu við Ánanaust. Innleiðing bláu tunnunnar er í fullum gangi í Reykjavík og hefst í maí næstkomandi í Vesturbænum.

Fyrirhugað er að koma fyrir nýjum heitum pottum í Vesturbæjarlaug fyrir börn.

Gamla hafnarsvæðið hefur tekið miklum breytingum með stórauðinni þjónustu. Ráðgert er að hafa sögusafn í Allianz húsinu að Grandagarði 2. Umferð um Geirs- og Mýrargötu er til skoðunar en umferð gangandi og hjólandi hefur aukist mikið. Varðandi áherslur af fundi síðastliðið vor um aðalskipulag Reykjavíkur þá er gert ráð fyrir að öll þjónusta verði inni í hverfinu: kaupmaðurinn á horninu og skósmiðurinn líka. Stærsta breytingin í Vesturbæ er að horfið er frá landfyllingu við Ánanaust sem og stokki við Mýrargötu. Aukið byggingarmagn verður við Mýrargötu og mun byggðin teygja sig út í Örfirisey.

Hverfakvótar: Íbúar í öllum hverfum sendu inn hugmyndir. Kosning var haldin í fyrsta sinn og kjósendur gerðu grein fyrir sér með veflykli. Kjörsókn var 8,1 % í borginni en um 10% í Vesturbæ. Kosningin var bindandi.

Meðal verkefna voru : Áningarstaðir, bætt lýsing, útivistarmöguleikar, o.s.frv. Búið er að framkvæma margt af því sem kosið var um t.d. endurbætta leikvelli, gönguleiðir, fleiri áningastaði, lagfæringar á fótboltavelli, umferðaröryggi við Melaskóla, hönnun á leiksvæði á Landakotstúni búin og farið í framkvæmdir þegar aðstæður leyfa. Tré hafa verið gróðursett. Aðgengi að fjörum við Eiðsgranda og Skerjafirði bætt með stigum. Aðgengi hjólandi og gangandi vegfarenda bætt við Mýrargötu. Heildarkostnaður var tæpar 37 millj. Í ár er aftur kallað eftir hugmyndum íbúa og sama upphæð til ráðstöfunar.

Einhverjum kann að þykja að 300 milljónir séu etv. ekki mikið en það er þó hæst í heimi í sambærilegum verkefnum miðað við höfðatölu.

Það er framtíð í beinu lýðræði og mikilvægt að íbúar hafi áhrif með þátttöku í kosningum og leggi fram hugmyndir. Íbúar þekkja hverfið best. Kostnaður við verkefnin er mjög misjafn.

Fyrirspurnir og svör:

Þorvaldur Gunnlaugsson, Brávallagötu: Frá svefnherberginu horfir hann beint í peru ljósastursins fyrir utan. Væntir ekki kosninga um þetta mál, en vill vita hvernig er hægt að koma þessu máli áfram.

Hróbjartur, Grandavegi spyr um Lýsisreitinn. Hvar stendur það verkefni núna? Má ekki hafa byggingarnar lægri?

Þóra: Koma kennslu í fjármálalæsi í almenna kennslu í grunnskóla, bendir að slík kennsla er í Hagaskóla í dag. Grjótgarður við Grandaveg: Þar er hvergi hægt að komast fyrir grjóti. Gangstígur nánast horfinn. Langar að heyra um viðbragðsteymi í Vesturbænum.

Sigvaldi Snær, Bauganesi: Bendir á opnun akleiðar til að komast vestur á Ægissíðu með opnun við Starhaga. Væri til bóta.

Þórdís Þorgeirsdóttir, Víðimel: Á að fjölga húsum við Víðimel? Umferð erfið þar nú þegar.

Halldór: Í dag geta ekki allir fengið þá tíma sem þeir vilja í KR húsinu. Ungir krakkar á æfingum langt fram á kvöld. Hægt að nýta mörg hús í Vesturbænum betur, en þau eru líka full. Nefnir sérstaklega að verið sé að ýta æfingartímum ungra krakka fram á kvöld meðan fullorðnir hafa tíma fyrr á daginn.

Björn Axelsson skipulagsstjóri svarar: Borgaryfirvöld hafa brugðist vel við beiðnum um að laga ljósastaura. Varðandi Lýsisreitinn þá kom tillaga uppúr áramótum með háum byggingum, en er til skoðunar hjá Umhverfis- og skipulagssviði. Sviðið er í samtali við lóðarhafa um að breyta deiliskipulagstillögu þannig að þarna rísi randbyggð í stað hárri bygginga án þess að skerða nýtingarhlutfall. Tillagan fer í auglýsingu innan skamms. Tenging Suðurgötu og Ægissíðu er búin að vera á aðalskipulagi lengi en ekki komið til framkvæmda. Mál sem þyrfti að koma til framkvæmda. Stöðug vinna í gangi varðandi umferðarhraða í íbúðarhverfum. Stendur til að fara í hverfaskipulag þar sem öll hverfi eru tekin fyrir og þar verða svona mál í fyrirrúmi. Það er á aðalskipulagi að tengja göngustíg frá Eiðsgranda út í Örfirisey. Sjálfsagt að bæta aðgengi íbúa þar.

Ómar Einarsson, framkvæmdastjóri ÍTR: Íþróttahús Hagaskóla heyrir ekki undir ÍTR en umræður hafa verið uppi um að færa það undir, a.m.k. að hluta. Ákvæði eru um að hluti tíma í skólum séu opnir fyrir almenning. Sjálfsagt að setjast niður með KR-ingum fyrir næsta haust.

Ragnar Þorsteinsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs, svarar: Góð ábending með fjármálalæsi í Hagaskóla. Eru að skoða þetta í öðrum skólum líka.

Tekið var við fleiri fyrirspurnum sem fara hér að neðan.

Einar Gunnar Guðmundsson, Hagamel: Spyr um sundlaugartúnið við Vesturbæjarlaug. Eru fyrirhugaðar einhverjar frekari bætur á aðgengi íbúa að þessu túni? Er í dag einn af fáum grænum blettum í Vesturbæ.

Þormóður: Tekur undir með Sundlaugartúnið. Á ekki að koma kennslulaug inni við Vesturbæjarlaug?

Hylur Hörður: Stendur til að setja sjávarsaltþott í Vesturbæjarlaug fyrir þá sem eru með ofnæmi fyrir klór?

Sigríður Kristjánsdóttir: Spyr um Hofsvallagötu. Þar þarf að þrengja og hafa 30 km hámarkshraða.

Magnús Skúlason, Bakkastíg: Krafa íbúa að svæði milli Mýrargötu 26 og Hótel Marínu verði byggt í hóflegri hæð. Fari ekki uppúr þremur hæðum og í takt við það sem fyrir er á svæðinu. Hugmynd að Bakkastígur verði framlengdur niður að sjó og friðað hús kallað aftur Bakkastígur 9. Leikvöllur festur í sessi.

Ísak, Fálkagötu: Álag á ruslatunnum við Fálkagötu, almenningur notar þær. Mætti ekki setja almenningruslastampa við ljósastaura?

Kjartan Gunnarsson, Starhaga: Vantar girðingu á hluta Suðurgötu þar sem stöðug umferð stúdenta er yfir Suðurgötu. Vantar einnig önnur gangbrautarljós. Vill ekki tvístefnu við Starhaga, þarf að loka skörðunum við Suðurgötu, beina fólki suður um hana, ekki norður. Framlengja Ægissíðu niður að flugbrautarenda og tengja við Suðurgötu.

Kristján, Hringbraut: Vantar lýsingu milli Þjóðarþóklöðu og Suðurgötu.

Guðmundur Friðrik: Á að friða móann fyrir neðan Frostaskjól. Í dag er þetta eitt stórt hundaklósett. Mætti hafa hluta fyrir hunda og hitt fyrir fólk.

Björn Axelsson skipulagsstjóri svarar: Það til deiliskipulag fyrir Sundlaugartúnið. Gert ráð fyrir að það verði opnað betur, sérstaklega frá Hofsvallagötu. Girðingin er frá gamalli tíð. Liggur fyrir að gera hjólréiðareinar meðfram götustæðum við Hofsvallagötu ásamt eyrum með trjám. Þetta mun þrengja götuna. Vilja fá reynslu á þessa útfærslu núna og vakta hana til að sjá hvernig gengur. Í samræmi við stefnu borgaryfirvalda að bæta hjólasamgöngur.

Við Vesturbugt er gert ráð fyrir þétttri nútímalegri byggð þar sem horft er til annarra húsategunda en gengur og gerist og eru 3-5 hæða byggð sem er mikið brotin upp. Verið að vinna deiliskipulag á grunni vinningstillögu skoska arkitektsins Graeme Massie úr samkeppni. Skipulagið verður til með vorinu og gefast tækifæri til athugasemda á auglýsingatímabili þess.

Gert ráð fyrir undirgöngum undir Suðurgötu í deiliskipulagi til að létta umferð gangandi þar. Skipulagssviðið vill styrkja Suðurgötu, hægja á umferð og setja umferðarljós.

Varðandi Starhagann myndi leysa vandamálið að framkvæma eftir aðalskipulagi og lengja Ægissíðu að Suðurgötu. Vill leysa lýsingarmál við Þjóðarþóklöðu og Suðurgötu. Stefna borgaryfirvalda er að koma

fyrir bláum tunnum í Vesturbænum í vor og vonandi léttir það á ruslatunnum við Fálkagötu. Fjara við Ægissíðu er hverfisvernduð og stendur ekki til að fara í frekari framkvæmdir.

Ómar Einarsson, framkvæmdastjóri ÍTR svarar: Mikið verið rætt um innilaug við Vesturbæjarlaug. Fór fram samkeppni um 25m laug sem dagaði uppi 2008 því það byggði á samstarfi við einkaaðila og ekki lengur forsendur fyrir því. Innlaugin er ekki á fjárhagsáætlun núna. Það stendur ekki til að setja saltpott í Vesturbæjarlaug, því það er illa gerlegt að fá sjó í hann. Sjór í saltpott í Laugardal er tekinn beint úr borholu á Laugarnesi.

Fundarstjóri sleit fyrirspurnatíma og vakti athygli á því að koma mætti frekari fyrirspurnum til skila á netfangið betrireykjavik@ibuar.is

Jón Gnarr, borgarstjóri fór að lokum í stórum dráttum yfir fyrirspurnir:

Þorvaldur minntist á óþægilegar perur. Við munum tryggja að þessi pera verði lagfærð eða skyggð. Það er flipi á **reykjavik.is** inn á ábendingarvef sem heitir Borgarlandið þar sem koma má fram athugasemdum beint til framkvæmdaaðila Reykjavíkurborgar. Reynsla þeirra sem hafa prófað er góð. Hefur sjálfur prófað undir dulnefni og séð góða hluti gerast.

Halldór spurði um KR og íþróttastarf og loforð Besta flokksins. Besti flokkurinn hefur reynt að vera í góðu samstarfi um íþróttastarf og leysa vandamál. Honum er mikið kappsmál að opna sundlaugartúnið fyrir almenningi. Eru að vinna ötullega að því. Áður voru planaðar byggingar sem varð forsendubrestur á vegna hrunsins en fullur vilji fyrir því að fólk geti notið þessa svæðis.

Markmið að draga úr umferðarhraða og auka öryggi. Eru að bíða eftir umferðarlögum sem eru til afgreiðslu hjá Alþingi, þar sem hjólastígar eru í fyrsta sinn skilgreindir. Gefa meiri möguleika á að breyta og bæta.

Finnst góður punktur með Bakkastíginn og að halda í heiti stígsins.

Ánægður að sjá ungt fólk standa upp og kveða sér hljóðs og vonar að hann hafi fengið svar við spurningunni. Dáist að Kjartani að halda uppi umferðargæslu á einstefnugötum. Reykjavíkurborg er í samstarfi við HÍ um Suðurgötuna. Samningur um þverun annað hvort um undirgöng sem minnkandi stemning er fyrir eða breytingu á götu. Er til mikillar skoðunar að tryggja aðgengi yfir götuna. Væri frábært að finna lausn sem gerði þetta að einu samfelldu háskólasvæði án svona mikillar umferðar. Skoða lýsingu milli Þjóðarbókhöfðu og Suðurgötu. Hundaskítur er hvítleitt mál og orsakast af því að fólk hirðir ekki upp eftir hundana sína. Honum finnst hafa dregið úr hundaskít. Fleiri ábyrgari hundaeigendur. Þakkar fyrir ágætan fund og málefnalegar og góðar hugmyndir.

Hilmar Magnússon segir frá Betri Reykjavík, www.betrireykjavik.is:

Kynnti vef verkefnisins. Hvernig sett er inn hugmynd, valið hverfi, hægt að skoða t.d. skiptungu fjár milli hverfanna, hvað hugmyndir mega kosta, tímasetningar ofl. Sýndi hvernig menn skrá sig og skoða má notkunarskilmála. Fram kemur hvaða eiginleika nýjar hugmyndir þurfa að hafa. Hugmyndir eru flokkaðar, fá titil og síðan slegin inn útskýring. Mikilvægt er að setja hugmyndina skýrt fram svo aðrir skilji og hægt sé að meta kostnað. Beðið er um rökstuðning. Aðrir notendur geta bætt við rökstuðningi og svæði er fyrir umræðu. Opið er til 15. febrúar fyrir nýjar hugmyndir. Þrír íbúar verða í

verkefnahópi sem fær það verkefni að móta hugmyndir frekar í samvinnu við starfsmenn borgarinnar.

Fundarstjóri gerði grein fyrir því hvernig þátttakendur gætu mótað hugmyndir áfram með borgarstarfsmönnum eða átt við þá samtal.

Fundi lauk með því að Hilmar Magnússon dró þrjú nöfn uppúr potti í hópinn(kynjasjónarmiða er gætt). Fimm aðilar buðu sig fram en nöfnin sem dregin voru uppúr pottinum eru:

- Elín María Árnadóttir
- Guðmundur Finnbjarnarson
- Gunnhildur Ólafsdóttir

Fundi slitið kl 18:47.
